



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FORSETI ÍSLANDS VIÐSTADDUR MINNINGARATHÖFN UM UPPREISNINA Í UNGVERJALANDI ÁRIÐ 1956**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heldur í dag áleiðis til Búdapest þar sem hann mun ásamt öðrum þjóðarleiðtogum taka þátt í viðburðum til að minnast uppreisnarinnar í Ungverjalandi árið 1956 og baráttunnar fyrir frelsinu.

Dagskráin hefst síðdegis á morgun, sunnudaginn 22. október, þegar László Sólyom forseti Ungverjaland og Ferenc Gyurcsány forsætisráðherra taka á móti hinum opinberu gestum í ungversku þjóðaróperunni. Í kjölfarið fylgir menningardagskrá og hátíðarkvöldverður í Þjóðarlistasafninu. Mánudaginn 23. október heldur dagskráin áfram með athöfn við Minnisvarðann um fórnarlömb atburðanna 25. október 1956 og í ungverska þjóðþinginu þar sem þjóðarleiðtogar votta fórnarlömbum frelsisbaráttu Ungverja og uppreisnarinnar 1956 virðingu sína.

Þjóðarleiðtogar hafa jafnframt sent sérstakar kveðjur í tilefni hálftrar aldar afmælis uppreisnarinnar í Ungverjalandi og verða þær gefnar út í minningabók. Kveðja forseta Íslands fylgir þessari fréttatilkynningu.

Fjölmargir þjóðarleiðtogar og fulltrúar ríkja taka þátt í þessari minningarathöfn. Þeirra á meðal má nefna Harald Noregskonung, Tarja Halonen forseta Finnlands, Horst Köhler forseta Þýskalands, Juan Carlos konung Spánar, Mary McAleese forseta Írlands auk forseta frá fjölmörgum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

*21. október 2006*

*Nánari upplýsingar má fá hjá Skrifstofu forseta Íslands (540 4400), Örnólfi Thorssyni forsetaritara (896 3028) og Árna Sigurjónssyni skrifstofustjóra (820 4946).*